

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
95. fundur –17. október 2005**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 17. október, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1 Fundargerðir 94. fundar heilbrigðisnefndar**

Samþykkt.

**2 Fundargerð 80. starfsmannafundar frá 12. október 2005**

**2.1 Starfsleyfi**

**Hafnarfjörður**

2.1.1 Krýsuvík, Hafnarfirði - mykjudreifing.

Lögð fram umsókn Guðjóns Steinars Sverrissonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 05.10.2005, þar sem sótt er um leyfi til 1. desember 2006 til dreifingar á þurrhluta svínamykju til uppgræðslu á beitahólf í Krýsuvík.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt tímabundið starfsleyfi.

**2.2 Umsagnir**

**Hafnarfjörður**

2.2.1 Ásvellir, Hafnarfjörður - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 10.10.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bjarna Hafsteins Geirssonar, fh. Knattspyrnufélags Hauka, kt. 600169-0419, sem sækir um veitingaleyfi fyrir íþróttasalinn í íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum í Hafnarfirði. Fyrirhugað er að halda þar landsmót karlakóra, þann 29. október nk. Reiknað er með 750 manns.

Jákvæð umsögn samþykkt.

**2.3 Annað**

2.3.1 Örveruástand svínakjöts.

Lagt fram eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um örveruástand svínakjöts, apríl – ágúst 2005.

Niðurstöður birtar á síðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is)

2.3.2 Örveruástand kjúklingakjöts.

Lagt fram eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um örveruástand kjúklingakjöts, janúar – júní 2005.

Niðurstöður birtar á síðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is)

**3 Fjárhagsáætlun 2006**

Lögð fram fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2006 ásamt verkefnaskrá og eftirlitsáætlun 2006 til 2009.

Samþykkt

#### **4 Hunda og kattahald í Hafnarfirði**

Lagt fram að nýju erindi Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar sem barst þann 26. ágúst s.l. þar sem óskað er umsagnar um greinargerð starfshóps um hunda- og kattahald í Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd telur framkvæmd katta- og hundahalds það ólíka að rétt sé að aðskilja umræðu um þessa þætti gæludýrahalds.

Varðandi hundahald tekur Heilbrigðisnefnd undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð starfshópsins frá 19. júní 2005 um að mikilvægt væri að samræma reglur svo sem kostur er vegna hundahalds á höfuðborgarsvæðinu. Mælt er með því að kanna hvort vilji sé til slíks fyrirkomulags hjá öðrum sveitarfélögum.

Heilbrigðisnefnd styður þá stefnumörkun sem lögð er til um að koma fyrir útivistarsvæði á moldartippnum við Krýsuvíkurveg og mælir með að umfang og fyrirkomulag verði útfært í skipulagi.

Varðandi reglur um kattahald, mælir heilbrigðisnefnd ekki með því að teknar verði upp skráningar á köttum en leggur til að samþykkt um kattahald verði endurskoðuð m.t.t. nýlegra samþykktá sem settar hafa verið á höfuðborgarsvæðinu”

#### **5 Önnur mál**

##### **5.1 Ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun**

Með vísun til liðar 9.2 í fundargerð nefndarinnar frá 29. apríl 2005 er lagt fram erindi lóðarhafa og handhafa starfsleyfis vegna ráðstafana til að fyrirbyggja mengun þegar starfsemi er hætt að Dalvegi 10-14, Kópavogi.  
Samþykkt.

##### **5.2 Óhapp vegna olíuleka**

Lögð fram skýrsla heilbrigðiseftirlitsins frá 26. september 2005 vegna mengunarslyss að Suðurhrauni 6, Garðabæ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50

Loftur Þór Pétursson

Árni Sverrisson

Andrés Pétursson

Richard Hansen

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson